



Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 25. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 6. júní 2016
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, forseti
Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður
Zophonías Ari Lárusson, aðalmaður
Anna Margrét Jónsdóttir, 1. varaforseti
Hörður Ríkharðsson, aðalmaður
Oddný María Gunnarsdóttir, 2. varaforseti
Sindri Páll Bjarnason, aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri
Elfa Björk Sturludóttir, ritari

Fundargerð ritaði: Elfa Björk Sturludóttir

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2015 - fyrri umræða - 1606001

Ársreikningur Blönduósbæjar 2015 tekinn til fyrri umræðu. Forseti bauð velkomin á fundinn Þorstein G. Þorsteinsson, frá KPMG, endurskoðanda Blönduósbæjar og Jens P. Jensen, aðalbókari Blönduósbæjar. Þorsteinn fór yfir ársreikninginn og útskýrði helstu liði hans. Helstu tölur úr ársreikningi eru þessar: Rekstrartekjur eru 841,0 milljónir króna en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir tekjum upp á 827,5 milljónir króna. Rekstargjöld voru 781,1 milljónir króna, fjármagnsgjöld voru 42,6 milljónir króna og niðurstaða úr rekstri er tap A og B hluta uppá 34,0 milljónir króna en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir hagnaði uppá 8,0 milljónir króna. Eigið fé Blönduósbæjar í árslok 2015 nam 572,3 milljónum króna.

Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um reikninginn. Að því loknu var samþykkt að vísa ársreikningi Blönduósbæjar 2015 til síðari umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Hér viku Þorsteinn og Jens af fundi.

2. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 20 - 1605007F

Fundargerð 20. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar lögð fram til afgreiðslu á 25. fundi

sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liðir 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2.1 1510051 - Smáhýsi á lóðinni Blöndubýggð 9 á Blönduósi

Afgreiðsla 20. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar staðfest á 25. fundi sveitarstjórnar 6. júní 2016 með 7 atkvæðum.



2.2 1605034 - Skipulagsstofnun - Beiðni um umsögn um uppsetningu á brennslubúnaði.

Afgreiðsla 20. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar staðfest á 25. fundi sveitarstjórnar 6. júní 2016 með 7 atkvæðum.

2.3 1605037 - Blanda ehf. - Umsókn um stöðuleyfi

Afgreiðsla 20. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar staðfest á 25. fundi sveitarstjórnar 6. júní 2016 með 6 atkvæðum. ZAL vék af fundi undir þessum lið.

2.4 1605035 - Brekkubyggð 4 -Umsókn um byggingarleyfi

Afgreiðsla 20. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar staðfest á 25. fundi sveitarstjórnar 6. júní 2016 með 6 atkvæðum. HR vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35

Valgarður Hilmarsson

Guðmundur Haukur
Jakobsson

Zophonías Ari Lárusson

Anna Margrét Jónsdóttir

Hörður Ríkharðsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Sindri Páll Bjarnason

Arnar Þór Sævarsson

Elfa Björk Sturludóttir
